

Hverfisráð Hríseyjar

70. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein miðvikudaginn 18. sept 2013 klukkan 20:00 Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson.

Dagskrá:

1. Hverfisráð Hríseyjar skorar á bæjaryfirvöld að beita sér í fjölgun starfa í Hrísey vegna slæmrar stöðu í atvinnumálum. Þar sem fyrirséð er að fjöldi verkefna liggur fyrir í eyjunni er mikil þörf að bæta við starfi í áhaldahúsi Hríseyjar. Með þessu myndi bærinn fara fram með gott fordæmi í því að viðhalda byggð í eyjunni.
2. Eiríkur bærstjóri boðar komu sína 25. september næskomandi. Með honum í för eru Geir Kristni, Þorvaldi Lúðvík frá atvinnuþróunarfélaginu og Þóroddi stjórnarformanni byggðastofnunnar. Þeir eru boðnir velkomnir. Presti Jóhanns og Lindu Maríu verður boðin þátttaka á fundinum.
3. Bréf frá Ingólfi Sigfússyni og Hrund Teitsdóttur um fjarnámsaðstöðu tekið fyrir. Málinu hefur áður verið vísað til bærstjórnar. Skorum á fasteignir Akureyrar að heimila þetta endurgjaldslaust í samvinnu við opnum heilsugæslu.
4. Almenningsamgöngur. Anton sagði frá bréfi þar sem Hverfisráð Hríseyjar og Grímseyjar senda sameignlega erindi til Eypings um að tengja almenningsamgöngur betur inn á ferjuferðir.
5. Aðstaða á Sandinum við ferjubryggju. Erindi Hverfisnefndar verður tekið fyrir á fundi á næstunni hjá Vegagerðinni. Höfum fengið það staðfest.
6. Tröppur á Sandinum. Málinu hefur verið vísað til Bygginganefndar Dalvíkurbyggðar sem ætlar að leita samstarfs við Vegagerðina.
7. Sjúkraflutingar. Málið komið inn á borð hjá Sjúkratryggingum Íslands en engin viðbrögð hafa fengist. Ýmis mál þessu tengt rædd en ekki færð til bókar.
8. Erindi frá Júlíusi Frey Theódórssyni um opnum vínbúðar í Júlíaboð. Umræða um efnið og tekur Hverfisráð jákvætt á málefnum. Þarfnast frekari skoðunar.

9. Heilsugæslan. Bíðum svara um hværnær lækniþjónustu hefst aftur. Búið er að senda vilyrði fyrir því að þetta hefjist í haust, eftir sumarfrí starfsmanna.
10. Ýmsar umræður um möguleika varðandi nýtingu á Hlein. Ekkert fært til bókar.
11. Umræður um nettengingu. Ýmsar leiðir en enginn góður kostur í dag.
12. Nú þykir Hverfisráði tímabært að ræða hið árlega umræðuefni bættu lýsingu í þorpinu. Götulýsingu þarf að bæta og eru ýmisir staðir beinlínis hættulegir í hálfu og lélegu færi.
13. Hverfisráð fer í það að undirbúa umsókn um svæði fyrir motorkross. Leyfi fyrir braut á Saltnesi þarf að fara til skipulagsráðs.
14. Hverfisráð lýsir yfir ánægju með íbúafund sem haldinn var síðastliðna helgi. Væntingar um að þetta skili innspítingu inn í samfélagið.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 21:30 .

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur